


HURÐIR

& HURÐASMÍÐI

Kynningarblað Útihurðir, innihurðir, álhurðir, glerhurðir, sérsmíði, fornar dyr og frægar hurðir.



BIRGISSON LEIÐANDI Í SÖLU Á INNIHURÐUM

RINGO – INNIHURÐIR Á ÍSLANDI Í YFIR 20 ÁR

Birgisson ehf. býður fallegar og vandaðar yfirfelldar innihurðir frá þýska framleiðandanum Ringo. Í dag þrýða Ringo-hurðir mörg íslensk heimili enda komin 23 ár síðan innflutningur á Ringo-innihurðum hófst til landsins.

„Í árunna rás höfum við öðlast mikla reynslu í sölu og þjónustu á innihurðum og getum því aðstoðað viðskiptavini við að leysa flest öll mál sem koma upp. Þá auðveldum við valið á réttum innihurðum með góðri ráðgjöf og áralangri þekkingu sölumanna,“ segir Gísli Valsson deildarstjóri hurðadeildar hjá Birgisson ehf.

„Við bjóðum yfir sextíu mismunandi tegundir af yfirfelldum hurðum í mörgum viðartegundum en einnig mikið úrval af sprautulökkuðum hurðum, gler- og forstofuhurðum, rennihurðum og viðurkenndum eldvarnarhurðum,“ útskýrir Gísli. Hann segir hvítlakkaðar hurðir nú hæstmóðins.

„Við höfum því bætt úrvalið og bjóðum nú hvítlakkaðar hurðir með fræsingu. Eikin er einnig sígild og sívinsæl og því höfum við aukið úrvalið af eikarhurðum og bjóðum nú upp á eikarhurðir með þverspón til afgreiðslu af lager,“ upplýsir Gísli.



Hjá Birgisson ehf. má einnig finna gereftislausar hurðir með innfelldum lómum fyrir þá sem kjósa stílhreint og fagað útlit.

„Gæða vörur og úrvals þjónusta er okkar metnaður. Verið því ávallt velkomin í sýningarsal okkar þar sem sölumenn aðstoða við rétt val á innihurðum. Ringo-hurðir breyta um andrúmsloft á heimilinu og það er ódýrara en margan grunar.“

Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík
Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Allt í stíl á góðum díl.

Á bak við hurðina

Hurðir íslenskra húsa þurfa að þola ýmislegt. Válynd veður. Krakkaflakk inn og út. Skapstygð og skemmtanahald. Jafnvel jólasveina með hurðaskelli á heilanum. En það þýðir ekki að þær geti ekki verið fallegar líka. Það er allavega álit sérfræðinganna í SB Glugga- og hurðasmíðju.

Íslensk náttúra getur verið æði dyntótt. Smíði húsa – já, og hurða – hér á landi þarf ávallt að taka mið af því og það vita starfsmenn SB Glugga- og hurðasmíðju betur en flestir. Hartnær 40 ára reynsla í þróun og framleiðslu hurða, samkvæmt ítrustu gæðastöðlum, segir líklega allt sem segja þarf.

Í nýju og glæsilegu húsnæði SB að Hvaleyrarbraut 39, í Hafnarfirði, er notast við fullkornustu tæki sem völ er á. Tæknin tryggir meiri gæði, en líka aukin afköst. Þannig gengur allt fumlaut fyrir sig; smærri og stærri pantanir eru afgreiddar á tilsettum tíma, enda fæstir sem vilja búa í hurðalausum húsi.

Viðskiptavinir SB eru bæði margir og ólíkir, en allir fá óskir sínar uppfylltar. Sumir vilja bara fá vandaðar og þolnar hurðir í húsið sitt – einfalt og ekkert vesen. Aðrir hafa sterkari skoðanir og vilja taka þátt í því að hanna hurðirnar með öllu tilheyrandi. Ekkert er sjálf-sagðara. Allar hurðir afhendast svo auðvitað með skrá, húnum og lömum.

Það er þó ekki nóg að hafa reynslu, þekkja íslenskar aðstæður og státa af nýjustu tækjum til smíðanna. Byggingarefnið verður að vera gæðin út í gegn, svo allt gangi upp. Þess vegna framleiðir SB hurðir svo til eingöngu úr Oregon Pine, Maghony eða öðrum sérvöldum harðviði.

Þar sem eru hurðir, eru vanalega gluggar. Og þá framleiðir SB líka af kostgæfni. Notast er við furu eða harðvið, enda þykja gluggarnir frá SB fráleitt



Smekkleig hönnun. Hurðin er úr Maghony-viði, olíuborin.

síðri en hurðirnar. Sérfræðingar SB bjóða einnig upp á tvöfalda þéttingu á gluggum og hurðum, meti húsráðendur veðurfar á staðnum líklegt til leiðinda. Eins er glerjað og málað eftir óskum.



Gæðin út í gegn. Maghony-viður er mikið notaður í framleiðslu SB.



Hurð úr Oregon Pine – rauðmáluð.



Hellingur af hurðum, allar frá SB.



Sölumenn Glerborgar í nýja sýningarsalnum. Fyrirtækið fagnar 40 ára afmæli sínu um þessar mundir og hefur opnað nýjan sýningarsal af því tilefni.

Nýr og endurbættur sýningarsalur

Glerborg býður upp á hurðir úr plasti, áli og gleri sem eru sérstaklega öruggar og algjörlega vind- og vatnsheldar. Fyrirtækið er 40 ára í ár og hefur opnað nýjan sýningarsal af því tilefni.

Nú í vor fagnar Glerborg 40 ára afmæli sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjaðar og nýr og glæsilegur sýningarsalur hefur verið opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði þar sem mikið úrval sýningarhurða er til staðar.

Glerborg býður upp á mikið úrval hurðagerða og hefur algjöra sérstöðu hvað varðar gæði og fjölbreytt úrval. Jafnframt er boðið upp á þjónustu við mælingar og uppsetningar víða um land.

Plastútihurðir - PVC-u

Fyrirtækið selur meðal annars PVC-u útihurðir úr plasti sem eru gríðarlega öruggar og algjörlega vind- og vatnsþéttar vegna tvöfaldrar þéttinga og 5 punkta læsingar. Á Íslandi eru miklar hita og rakasveiflur og veður óstöðugt. Það veldur því oft að hefðbundnar timburhurðir vilja gjarnan þrútna og skreppa saman á víxl og á endanum bjóða þær litla vörn gegn vatni og vind-

um. Útihurðir frá Glerborg eru varanleg og ódýr lausn á þessum vandamálum og ekki þarf að skrapa og mála þær á nokkurra ára fresti. Plasthurðirnar bjóða upp á ótal útfærslur í útliti og glergerðum og hægt er að fá þær í hinum ýmsu litum og viðaráferðum eins og eik, gulleik og mahóný.

Rennihurðir - PVC-u

Það er mikill kostur að geta opnað vel út í garð eða út á svalir þegar heitt er í veðri. Rennihurðirnar frá Glerborg eru einstaklega þéttar og öruggar. Tvöfaldrar gúmmíþéttingar gera þær fullkomlega vind- og vatnsþéttar því hurðirnar eru búnar öflugum læsingum sem þrýsta þeim í karminn. Einn helsti kosturinn við rennihurðir er að opnun þeirra tekur hvorki pláss inni né úti eins og hjá öðrum hurðum, þær eru einstaklega liprar og þægilegar í notkun og setja flottan svip á heimilið. Húsið þarf ekki að vera í byggingu til þess að koma megi fyrir rennihurð.

Lítið mál er að saga niður úr gamla stofuglugganum og smella rennihurð í gatið.

Álhurðir

Glerborg býður ótal útfærslur í álhurðum og búnaði í kringum þær. Álhurðir eru fánlegar í næstum öllum litum og eru löngu orðnar sígildar í verslunum og opinberum byggingum vegna styrks og léttleika og nú færast mjög í vöxt að nota slíkar hurðir í íbúðarglæsihýsi.

Hurðir úr hertu gleri

Glerborg býður upp á ótal útfærslur í útliti og búnaði með innihurðum úr hertu gleri. Þessar hurðir eru fánlegar sem rennihurðir og sveifluhurðir sem dæmi og henta vel þar sem leitast er við að hafa gott og opið rými bæði heima fyrir og hjá fyrirtækjum. Dæmi um notkun er í fundarherbergjum, opnum skrifstofum með möguleika á að loka að sér, í sturtur og í raun alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.



Glerborg býður upp á innihurðir úr hertu gleri sem eru tilvaldar í fundarherbergi, opnar skrifstofur með möguleika á að loka að sér, í sturtur og alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.



Hvað er ég að gera, **spyrðu!**

Ég er að sýna ábyrga starfshætti

Ég heiti **Aron** og er söluráðgjafi hjá Glerborg. Þegar ég lofa viðskiptavinum mínum **CE vottun**, þá er það vegna þess að ég framkvæmi mín eigin próf og get lagt nafn mitt og heiður að veði.

GLERBORG
- rammar inn lífið

Dalshraun 13 • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 0000 •
Fax 555 3332 • glerborg@glborg.is • www.glerborg.is



Gullna hliðið að konungshöllinni í Versölum í Frakklandi



Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjov heilsast við dyr Höfða.



Opin hurð inn í gasklefa í Auschwitz.

Mismunandi hlutverk hurða

Við opnum og lokum dyrum á hverjum degi og njótum næðisins sem hurðir skapa, upplifum öryggi við að læsa þegar við förum að heiman og tökum þeim sem sjálfsgöðum. Þær gera ekki upp á milli fólks og þjóna öllum jafnt hvort sem sá er illur eða góður.

Flest notum við hurðir á hverjum degi en gerum okkur eftir til vill ekki grein fyrir því hversu oft eða hve margar á dag. Við tökum þeim sem sjálfsgöðum hlut og áttum okkur ekki á eiginleikum þeirra. Til dæmis næðinu sem við sköpum okkur með því að loka að okkur þegar við þörfnumst þess, dótið sem við lokum af í skápum, hringhurðirnar sem þeyta okkur inn í verslanamiðstöðvar og svo mætti lengi telja. Hurðir eru því ómissandi partur af tilveru nútímamannskju og tilgangur þeirra

er að loka af ákveðið rými og marka inngang úr einu yfir í annað. Því stærri, þyngri og glæsilegri sem hurðin er þeim mun mikilvægara hlýtur það sem fyrir innan er að vera hvort sem það er manneskja, hlutur, dýr, helgidómur eða skelfilegt myrkraverk.

Gullna hliðið

Flestir kannast við Gullna hliðið þar sem Sankti Pétur eða Lykla Pétur stendur og dæmir þá sem þangað koma og hvort þeir séu hæfir til inngöngu í himnaríki eða

skuli dæmast til vistar í helvíti. Líklega er það frægast sem táknmynd kristinnar trúar og til áminningar um að lifa lífinu án teljandi skaða fyrir aðra. Hliðið og Pétur hafa einnig verið uppspretta óteljandi gamansagna, leikrita, skopmynda-teikninga og brandara.

Downingstræti 10

Downingstræti 10 er þekkt um allan heim. Þar eru höfðustöðvar bresku ríkisstjórnarinnar og skrifstofur forsætisráðherra ásamt móttökurými fyrir erlenda gesti.

Sú hefð hefur skapast að forsætisráðherra láti mynda sig fyrir utan útihurð Downingsstrætis og er hún því flestum kunn. Ríkisstjórnir Bretlands hafa haldið þar reglulega fundi síðan 1856.

Höfði

Á einni nóttu varð Höfði á Íslandi þekktur um allan heim eftir að sáttafundur Ronalds Reagans og Mikhails Gorbatsjov var haldinn þar árið 1986. Fundurinn markaði lok kalda stríðsins. Myndin af Reagan og Gorbatsjov fyrir utan dyrnar

á Höfða þar sem þeir takast í hendur er þekkt. Það má því segja að hvítar og hreinar hurðirnar á Höfða séu táknmynd sáttu og heimsfriðar sem mörkuðu skil.

Auschwitz

Dyrnar að gasklefum Auschwitz eru táknmynd þess hryllings sem mannskepnan er fær um að framkvæma. Talið er að um 1,1 milljón manna hafi verið tekin af lífi í útrýmingabúðum nasista í Auschwitz. 1,3 milljónum manna var haldið fongnum þar.

Dýrgripur frá miðöldum

Valbjófsstaðahurðin svokallaða er einn af merkisgripum Þjóðminjasafnsins, útskorin kirkjuhurð frá Valbjófsstað í Fljótsdal en hurðin er talin vera frá um 1200. Hún er eina útskorna hurðin sem varðveist hefur frá miðöldum en íslenskar kirkjur voru þá gjarnan skreyttar útskurði. Hurðin er skorin út á Íslandi og er talið að hún hafi upphaflega verið hærri og hringirnir þá þrír. Í efri hringnum er skorin út þekkt miðaldasaga í þremur þáttum af riddara sem bjargar ljóni úr klóm dreka. Í neðri hringnum vefjast fjórir drekar saman hver um annan.

Hurðin var fyrir kirkjum á Valbjófsstað allt til ársins 1851. Þá var hún flutt til Kaupmannahafnar en skilaði sér aftur til Íslands árið 1930, þegar Danir skiluðu fjölda sögulegra gripa til landsins. Eftirlíkingu af hurðinni má sjá í kirkjunni sem nú stendur á Valbjófsstað. Hana skar Halldór Sigurðsson frá Miðhúsum út

árið 1966 en sú hurð var gjöf til kirkjunnar frá brottfluttum Fljótsdælingum.

Hina upprunalegu Valbjófsstaðahurð má sjá á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.

Heimild: www.thjodminjasafn.is



Valbjófsstaðahurðin er einn af lykilgripum Þjóðminjasafns Íslands og er til sýnis á grunnsýningu safnsins „Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.“

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Nútímaleg hurðasmíði

Trévík ehf. hefur frá árinu 1995 sérhæft sig í ráðgjöf og framleiðslu á innihurðum við góðan orðstír.

Trévík ehf. er fyrirtæki í Vík í Mýrdal sem sérhæfir sig í gerð innihurða fyrir heimili og fyrirtæki. Blaðamaður tók Sigurð Ævar Harðarson, framkvæmdastjóra Trévíkur, tali og fékk meðal annars að vita hvers konar hurðir eru helst eftirsóttar um þessar mundir.

„Hurðirnar eru hærri en áður. Ná alveg upp í loft. Þetta er nú einhver arkitektúr hef ég grun um,“ greinir Ævar frá og hlær. „Svo er talsvert um liggjandi spón sem var ekki hér áður og ekki gefti heldur raufar utan með dyrakörmunum. Síðan velur fólk oftast hurðir úr eik. Hún virðist vera í tísku í dag,“ segir hann en lætur þess getið að allar viðartegundir bjóðist hjá Trévík.

Að sögn Ævars sérhæfir fyrirtækið sig eingöngu í sérpöntunum. „Við erum ekki með lagerframleiðslu. Þá er sami spónn notaður í hurðir til dæmis í alla íbúðina en ekki einhver samtíningur,“ bendir hann á og bætir við að Trévík hafi átt í samstarfi við fjölda innlendra fyrirtækja um framleiðslu á innréttingum og innihurðum úr sérvöldum spæni. Spónninn sé valinn í hurðir og innréttingar um leið.

Ásamt hefðbundnum innihurðum framleiðir Trévík hljóðeinangrandi hurðir, eldvarnarhurðir, tvöfaldar hurðir, rennihurðir og gluggahurðir, sem Ævar segir vinsælar til dæmis í forstofur. „Núna eru glergöt mjög vinsæl til að brjóta upp lúkkið,“ nefnir hann.

Trévík ehf. var stofnað árið 1995 og þar starfa smíðir með margra ára reynslu. Ævar lætur þess getið að sendingarkostnaður, máltaka og uppsetning sé þó ekki innifalinn í tilboðum vegna staðsetningar Trévíkur. „Hins vegar getum við bent á aðila sem við þekkjum að góðu til að annast uppsetningu og máltöku,“ bendir hann á.

Hægt er að kynna sér starfsemi fyrirtækisins í síma 487-1222 og á heimasíðu þess sem er í vinnslu. Slóðin er trevik.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á trevik@trevik.is.



Trévík sérhæfir sig í framleiðslu innihurða. Hér má sjá dæmi um smíði frá fyrirtækinu.

MYND/VALLI